



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um merkingar og sektir á Bryggjugötu 4 (US220039).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fyrirspurn Flokks fólksins um merkingar á vistgötu og sektir í aðkeyrslu að Edition Hótel við höfnina. Aðkeyrslan að hótelinu er þannig að það er pláss fyrir bíla á svokallaðri vistgötu en þarna er merkingum ábótavant og óljóst hvort megi leggja þarna. Dæmi eru um að fólk hafi lagt þarna í góðri trú til að sinna erindum en fengið síðan háa sekt. Þarna er bann við lagningu í vistgötu nema í sérmerktum stæðum en litlar sem engar merkingar eru um að þarna sé vistgata og óheimilt að leggja. Fulltrúi Flokks fólksins fékk þá upplifun við að heyra lýsingar fólks sem lent hafa í þessu að það sé eins og verið sé að að leiða fólk í gildru. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum frá Bílastæðasjóði um merkingar á þessari götu og á þessum stað nákvæmlega sem er Bryggjugata (101) 4 og hvort talið sé að þær séu nægjanlegar? Óskað er einnig upplýsinga um hvað margir hafa verið sektaðir nákvæmlega þarna á þessum svæði sem fyrirspurnin snýr að?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, bílastæðasjóðs, þann 23. febrúar sl.

Svar við fyrirspurn:

Eins og fram kemur í fyrirspurninni er Bryggjugata vistgata en samkvæmt 2. mgr. 9. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, er óheimilt að leggja skráningarskyldum ökutækjum á vistgötum nema á merktum stæðum.

Aðkoman að Bryggjugötu frá Geirsgötu er merkt með umferðarmerki *D14.11 Vistgata* ásamt því að merkið *D14.21 Vistgötu lokið* snýr í gagnstæða átt, þ.e. við akstur út úr götunni. Merkingarnar eru í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995, með síðari breytingum. Þá hefur bílastæðasjóður talið merkingar við Bryggjugötu fullnægjandi.

Samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum hefur verið lagt stöðubrotsgjald á ökutæki við Bryggjugötu í alls 122 skipti frá 28. janúar – 15. mars sl.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri